

Ed.

431. Frumvarp til laga

[157. mál]

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl., orðist svo:

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 1. gr., c-e-lið, er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar, sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu bifreiðamerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta árs á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt c-e-lið 1. gr. að rétttri tiltölu, ef einkennismerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýtt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðastliðið skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni einkennismerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöldin af henni eru ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framau segir.

Bifreiðaskatturinn, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

2. gr.

9. gr. laga nr. 84/1932 skal vera 8. gr., og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4. gr. laga nr. 84/1932 og 2. og 3. gr. laga nr. 53/1946, um breyting á lögum nr. 84/1932.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra, 2. gr. laga nr. 34/1933 og 1. og 2. gr. laga nr. 27/1947 inn í lög nr. 84/1932 og gefa þau síðan út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næsta bifreiðaskattsár skal vera 1. apríl til 31. desember 1949 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða $\frac{3}{4}$ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. apríl 1949 til 31. marz 1950.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 1. gr.

Bifreiðum hefur á síðustu árum fjölgað svo, að stöðugt færirst fram á árið dagur sá, sem aðalskoðun bifreiða hefst á. Í ár þyrfti að byrja aðalskoðun í marz eða apríl. Gjaldþaga bifreiðaskatts hefur þótt heppilegt að hafa nokkru áður en aðalskoðun hefst, þannig að innheimtuna megi framkvæma um leið og skoðun fer fram. Þegar gjaldþaga bifreiðaskattsins var breytt árið 1943, var það gert með tilliti til þess, að aðalskoðun varð að hefjast fyrr en áður hafði verið. Þá varð gjalddaginn 1. apríl í stað 1. júlí, og var þá bifreiðaskattsárið 1. júlí 1943 til 30. júní 1944 incl. með bráðabirgðaákvæði stýlt í 1. júlí 1943 til 31. marz 1944. Nú yrði að stytta gjaldárið 1. apríl 1949 til 31. marz 1950 í 1. apríl 1949 til 31. des. 1949. Hér er auðvitað ekki um neitt raunverulegt tap fyrir ríkissjóð að ræða, en árið 1950 kæmu ekki til tekna nema $\frac{3}{4}$ hlutar þess bifreiðaskatts, sem annars hefði orðið innheimtur að óbreyttum lögum.

Auk breytingarinnar á gjalddaganum eru tekin hér upp öll ákvæði 4. gr., sem eru bæði í 4. gr. laga nr. 84/1932 og í 2. og 3. gr. laga nr. 53/1946. Þrjár breytingar eru þó gerðar á ákvæðum í 4. gr. Hin fyrsta er sú, að gert er ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að lækkunarákvæðið í síðustu málsg. 4. gr., eins og hún er nú, verði einnig látið ná til bifhjóla, eins og til annarra bifreiða, en samngjarnt þykir og eðlilegt, að sama regla gildi að þessu leyti um bifhjól og um bifreiðar, enda má eins líta eftir því, að bifhjólum sé ekki ekið númerslausum, eins og bifreiðum, en ástæðan til þess, að lækkunarákvæðið var ekki látið ná til bifhjóla í lögnum 1932, mun hafa verið sú, að það hefur verið talið erfiðara að fylgjast með því, að bifhjólum væri ekið númerslausum. Önnur er sú, að ákvæði 2. mgr. um greiðsluskylduna eru gerð nokkuð fyllri en áður, og er það nauðsynlegt vegna tíðrar vanrækslu á tilkynningum um eigendaskipti. Þriðja breytingin er sú, að lagt er til, að lögveð í bifreiðunum sé ekki aðeins fyrir bifreiðaskattinum, heldur og fyrir vátryggingariðgjaldi ökumanns og skoðunargjaldi, en sjálfsagt þykir, að tvö hin síðarnefndu gjöld, sem eru hliðstæð skattinum og innheimt með honum, njóti sömu réttarverndar að þessu leyti, enda lögveð komið fyrir vátryggingariðgjaldinu með ákvæðum 13. tölul. laga nr. 92/1948, um viðauka við lög nr. 50/1946, um almannatryggingar, en það ákvæði er aðeins til bráðabirgða, og rétt þykir, að ákvæðin um lögveð fyrir bifreiðagjöldum sé á einum stað, og þykir eðlilegast, að þau séu í bifreiðaskattslögnum.

Við 2. gr.

8. gr. laga nr. 84/1932 var numin úr gildi með 3. gr. laga nr. 27/1947, um breyting á bifreiðaskattslögnum, en þar eð gert er ráð fyrir því í 3. gr. frumvarpsins, að bifreiðaskattslögin verði gefin út í einni heild, þykir rétt, að greinatalan verði í áframhaldandi töluröð, og er því lagt til, að 9. gr. verði 8. gr. og greinatalan þar á eftir breytist samkvæmt því.